Kópavo

Kópavogi, 28. nóvember 2024
24112418/202.00 ÁFJ

Efni: Val á nöfnum fyrir skóla á Kársnesi - tillaga að ferli

Haustið 2025 verður breyting á fyrirkomulagi skólahalds á Kársnesi þegar nýr samrekinn leik- og grunnskóli tekur til starfa við Skólagerði. Í nýja skólanum verða börn á leikskólaaldri og upp í 4. bekk grunnskóla en í skólahúsnæði Kársnesskóla við Vallargerði verða nemendur í 5.-10. bekk.

Finna þarf nafn á skólann við Skólagerði og ekki er einboðið að skólinn við Vallargerði haldi áfram nafni Kárnesskóla. Vegna þessa er lagt til eftirfarandi ferli til að skera úr um heiti skólanna:

- 4.-9. desember verði hugmyndasamkeppni þar sem forráðamenn, nemendur, starfsfólk og íbúar geta lagt fram hugmyndir að nöfnum skólanna. Auglýst verði eftir tillögum með tölvupóstum til forráðamanna og starfsfólks, með umræðum meðal nemenda og með auglýsingum á Facebooksíðu íbúa á Kársnesi. Tillögum verði safnað á rafrænan hátt.
- 11. desember taki skólaráð Kársnesskóla tillögurnar til umfjöllunar og velji 3-5 tillögur fyrir hvorn skóla fyrir skoðanakönnun.
- 13.-20. desember verði rafræn kosning opin og atkvæðum safnað meðal nemenda. Niðurstöður kosningarinnar verði bindandi.

Virðingarfyllst,

Ágúst Frímann Jakobsson
Deildarstjóri grunnskóladeildar

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026